SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra,
framlagt á 226. fundi þann
18. október 2022





- Fyrst skal nefna að þann 9. september s.l. eða daginn eftir síðasta sveitarstjórnarfund fundaði sveitarstjóri ásamt stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Eyktar ehf. þar sem til umræðu var hvort fyrirtækið væri tilbúið til samtals um samstarf um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Búðardal.
- Í kjölfar þess fundar rúllaði boltinn áfram og komu fulltrúar Eyktar ehf. í kjölfarið á fund byggðarráðs Dalabyggðar þann 22. september þar sem málið var rætt áfram.
- Fyrir liggur mat lögfræðings um að Dalabyggð sé heimilt að semja um framkvæmd sem þessa sé samningurinn byggður á þeim forsendum sem alútboð var unnið á.
- Byggingarnefnd íþróttamannvirkja fundaði 6. október í og málið rætt í byggðarráði þann 11. október þar sem samþykkt var að undirrita viljayfirlýsingu um að taka málið áfram í samvinnu við Eykt ehf.
- Viljayfirlýsing undirrituð þann 14. október s.l. og verið kynnt á vef Dalabyggðar.



- Sveitarstjóri hefur átt fundi varðandi áform um uppbyggingu vindorkuvera í Dalabyggð, bæði með andstæðingum þeirrar uppbyggingar sem og talsmönnum og sat einnig fund þeirra aðila sem hyggja á framkvæmdir sem haldinn var í Dalabúð þann 22. september. Dalabyggð átti ekki aðild að þeim fundi og sat sveitarstjóri fundinn sem áheyrandi ásamt nokkrum sveitarstjórnarmönnum.

- Unnið var áfram að því að kanna grundvöll fyrir að setja af stað frístundaakstur. Það verkefni er nú statt hjá skólastjóra og forsvarsmönnum Undra sem vonandi ná að skila til okkar á næstunni skýrslu um stöðu mála.

- Sveitarstjóri sat þann 14. september fund ásamt atvinnumálanefnd og verkefnastjóra með fulltrúum Rarik þar sem til umræðu var starfssemi Rarik í Dalabyggð og staða á ákveðnum uppbyggingarverkefnum.

- Vinna við undirbúning fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2023 og fjögurra ára áætlunar tók sinn skerf á því tímabili sem hér er undir. Fundað hefur verið með forstöðumönnum málaflokka og í tvígang í byggðarráði, sveitarstjórn hefur haldið vinnufund auk þess sem flestar aðrar nefndir hafa komið e.h. að vinnunni.



- Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fór fram í Stykkishólmi dagana 21. og 22. september s.l. Fjórir fulltrúar sátu þingið frá Dalabyggð þar sem megin umræðuefnið voru samskipti ríkis og sveitarfélaga ásamt því sem unnið var í umræðuhópum um einstaka áhersluverkefni landshlutans.

- Fundur með dómsmálaráðherra og aðstoðarmönnum hans fór fram þann 23. september þar sem til umræðu voru löggæslumál í Dalabyggð og nágrenni, málefni sýsluskrifstofunnar og húsakostur viðbragðsaðila í Dalabyggð. Ráðherrann tók við minnisblaði frá undirrituðum og ráðgerir nú á haustdögum að koma í heimsókn til okkar til að kynna sér enn betur stöðu mála.





- Fulltrúar Embættis landlæknis komu í Búðardal þann 26. sepember s.l. og funduðu með ýmsum sem að Silfurtúni standa ásamt því sem gerð var stutt úttekt á ákveðnum þáttum í starfssemi heimilisins. Von er á skýrslu á næstunni frá embættinu.

- Verkefnið DalaAuður er á fljúgandi siglingu má segja en undirritaður situr þar í verkefnastjórn. 30 umsóknir komu frumkvæðissjóðinn og sýnir það svo sannarlega að það er hugur í Dalamönnum, stefnt er að því að úthlutað verði úr sjóðnum í byrjun nóvember.

- Landsþing sveitarfélaga var haldið á Akureyri dagana 28. til 30. september s.l. Dalabyggð átti þar tvo fulltrúa og var áhugavert að taka þar þátt í málefnastarfi sem átti sér stað.



- Þann 4. október s.l. var haldinn sameiginlegur fundar allra sveitarfélaga innan SSV með alþingismönnum í NV-kjördæmi. Undirritaður mætti á fundinn og lagði m.a. áherslu á í minni yfirferð á vegi, fjarskiptamál, afhendingaröryggi rafmagns og þörf á þrífösun auk annara mikilvægra málefna.

- Þann 5. október átti undirritaður fund með heilbrigðisráðherra þar sem lagt var fram minnisblað varðandi ósk Dalabyggðar og stjórnar Silfurtúns um að HVE yfirtaki rekstur heimilisins og var nálgun undirritaðs að það væri byggt á því að þörf væri að reyna að styrkja og samþætta faglegt starf. Ráðherra tók vel í málaleitanina og í kjölfarið átti undirritaður samtal við forstjóra HVE og er búið að fastsetja fund þann 1. nóvember n.k. til að ræða málið frekar.

- Undirritaður tók þátt í að móta verklag um tímabundið aukið framlag og útvíkkun reglna varðandi tómstundastyrk í Dalabyggð. Vonir standa til að það verkefni glæði virkni og þátttöku ungmenna í tómstundum ýmiskonar.

- Fundað var um húsnæðisstefnu Dalabyggðar og hafinn undirbúningur að uppfærslu hennar og heldur verkefnastjóri utan um það verkefni ásamt ýmsum öðrum stefnum innan stjórnkerfis Dalabyggðar sem þarfnast yfirferðar og uppfærslu.

- Kynning á verkefninu „samfélagsvegir“ fór fram þann 7. október s.l. og í kjölfarið samþykkti byggðarráð Dalabyggðar að bjóða fulltrúum í byggðar-/bæjarráðum Húnaþings vestra og Stykkishólms/Helgafellssveitar til fundar um mögulega sameiginlega hagsmuni í vegamálum. Fulltrúar þeirra hafa lýst vilja til að funda en eftir er að finna heppilega tímasetningu.

- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga fór fram 13. og 14. október og átti Dalabyggð þar vaska sveit kjörinna fulltrúa og starfsmanna sem hlýddu á og tóku þátt í umræðum um fjármál sveitarfélaga.





- 17, október átti undirritaður fund með fulltrúa FSRE en það er sameiginleg stofnun sem áður var Framkvæmdasýslan og Ríkiseignir. Umræðuefnið var Staðarfell og sá áhugi sem Dalabyggð hefur sýnt á að fá hluta þeirra fermetra í húsum sem þar eru til staðar m.a. undir byggðasafn. Beðið er viðbragða eftir þann fund.

- Loks er að segja frá því að Félagsheimilið að Staðarfelli er nú loks að fara í sölumeðferð nú þegar komið er á hreint með lóðamörk og lóðasetningu. Spennandi verður að sjá hvaða viðbrögð fást við þeirri auglýsingu.

- Til viðbótar vil ég nefna að nú eru í gangi starfsmannasamtöl í stjórnsýsluhúsinu og við forstöðumenn stofnana og vonast ég til að þeim ljúki í næstu viku og í kjölfarið mun eiga sér stað vinna við úrvinnslu þeirra ábendinga og tillagna sem fram hafa komið og munu koma fram. Það er öflugur hópur starfsmanna hjá Dalabyggð og nú er verið að stilla strengina.



Ekki fleira að sinni, margt drýfur á dagana í starfsemi Dalabyggðar sem ekki endilega ratar í eða á erindi í dagbók sveitarstjóra en vonandi gefa þessir molar einhverja innsýn í verkefnin hverju sinni.

BBÞ – 18.10.2022